

Reglur um útlán eigna félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar.

1. gr.

Eignir félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar eru ekki til útleigu.

2. gr.

Forstöðumanni er heimilt að lána tæki á milli útibúa félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar og á viðburði á vegum Ísafjarðarbæjar og skal ávalt vera tæknimaður frá félagsmiðstöðinni sem fylgir tækjunum. Þess skal þó alltaf gætt að um áfengis- og vímulausa skemmtun sé að ræða.

3. gr.

Öll útlán skulu skráð í útlánsbók.

4. gr.

Allir sem fá tæki lánuð út fyrir félagsmiðstöðvar bera á þeim ábyrgð. Hljóðmenn félagsmiðstöðva eða starfsmenn verða ávalt að fylgja hljóðkerfum.

6. gr.

Eftirlitsmaður með þessum reglum og framkvæmd þeirra er íþrótta- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

7. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi íþrótta- og tómstundanefndar Ísafjarðarbæjar þann 25. nóvember 2009 og staðfestar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 17. desember 2009.

Ísafirði 25. nóvember, 2009
Íþrótta- og tómstundanefnd
Guðný Stefanía Stefánsdóttir, form.